

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2014

6. tbl. 21. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðaryogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Dagur B. Eggertsson tók við embætti borgarstjóra í Reykjavík á borgarstjórnarfundum þar sem ný borgarstjórn fundaði í fyrsta sinn eftir kosningar. Jón Gnarr fráfarandi borgarstjóri afhenti honum síðan lykklana að skrifstofu borgarstjóra við athöfn í Höfða. Sjá nánar á bls. 3.



Sveinsbakari
Hólagarði og
Arnarbakka

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTAÐU
Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345

Opið allan
sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka



Iceland

„Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

Allt sem skiptir máli um íbúðalán á landsbankinn.is/istuttumali

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Sumartilboð



MS - Sumarostakaka
Verð áður 1298 kr.
Verð núna 1038 kr.



MS - Smámál
2 saman
Verð áður 179 kr.
Verð núna 143 kr.

Egils Gull léttöl 500 ml
Verð áður 160 kr.
Verð núna 98 kr.

Kjörís
Sumarísinn
Verð áður 734 kr.
Verð núna 587 kr.

Pepsi, Pepsi Max,
7up, Mix, Kristall,
Monhtan Dew,
Appelsín
330 ml
Verð áður 149 kr.
Verð núna 79 kr.

Gengur Vel
Nutrilenk 90 stk.
Verð áður 3.598 kr.
Verð núna 2.878 kr.

Betroot 90 stk
Verð áður 1.998 kr.
Verð núna 1.598 kr.

Raspberry 60 stk.
Verð áður 2.998 kr.
Verð núna 2.398 kr.

Pro Staminus 60 stk.
Verð áður 3.439 kr.
Verð núna 2.751 kr.

Turmeric 60 stk.
Verð áður 3.814 kr.
Verð núna 3.051 kr.

 **Bin verzlun**
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Öflugur íþróttabær

Sundum þurfa bæjarliðin að bursta hvort annað í boltanum. Það er hluti af leik og keppni íþróttafélaga. Nágrannar, bræður og systur takast á í leiknum, fylgja leikreglum og vinna eða tapa. Í leiknum er aðeins rúm fyrir einn vinningshafa og einn sem tapar. Þetta er hluti af eðlilegu íþróttalífi. Eðlilegu mannlífi og íþróttaiðkendur, stuðningsmenn og aðstandendur eiga að ganga af velli stoltir af sínu liði hvernig sem leikar hafa farið. Það er ekki alltaf sá hinn sami sem vinnur eða sem tapar.

Breiðholtið er engin undantekning að þessu leyti. Þessi öflugur bær í borginni hefur á að skipa tveimur íþróttafélögum. ÍR er gamalt og alhliða íþróttafélag sem fluttist úr miðbæ Reykjavíkur í nýja byggð þar sem efla þurfti íþróttalíf og starf. ÍR er félag sem heldur utan um allt frá skemmtiíþróttum og uppeldisstörfum til harðrar keppni í mörgum íþróttagreinum. Frjálsar íþróttir eiga þar hefðina en aðrar greinar hafa eflst svo um munar.

Leiknir er ungt félag sem stofnað var til einkum vegna mikils fótboltaáhuga ungs fólks í efri byggðum Breiðholtsins. Félagð fór af stað með rólegheitum en innan þess hafa vaxið upp margir góðir fótboltamenn og konur. Á undanförunum árum hefur félagið verið að eflast og hefur öflugum félögum á að skipa.

Íviðtali í blaðinu í dag ræðir Haukur Þór Haraldsson framkvæmdastjóri ÍR um félagið og gildi íþróttastarfsemi fyrir byggðina. Hann leggur áherslu á hið félagslega uppeldisstarf en ekki síður á það bakland sem íþróttafélög þurfa að hafa í heimabyggðinni - bakland sem er til staðar í Breiðholti.

Breiðholtið býr vel að því fjölbreytta íþróttastarfi sem þar er stundað. Íþróttalífið eflir félags- og einnig hverfis- eða byggðavitund íbúanna. Þetta er félagið okkar. Þetta er hverfið okkar. Þessi hugsunarháttur einkennir íþróttalífið að verulegu leiti. Að bursta nágranna-liðið eða hitt hverfisliðið er aðeins hluti af þessu lífi og starfi á þessum leik. Breiðholtið er öflugur íþróttabær.

www.breiðholt.is

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Fjögur verkefni styrkt úr Heita Pottinum



Þessi mynd var tekin við Breiðholtslaugina að lokinni afhendingu styrkjanna.

Fjögur verkefni ungs fólks í Reykjavík hlutu styrk úr Heita Potti Hins Hússins að þessu sinni. Heiti Potturinn er verkefnasjóður sem miðar að því að efla menningarlíf, hvetja ungt fólk til að koma skapandi hugmyndum í framkvæmd og að stuðla að jákvæðri ímynd hverfisins. Styrkirnir voru afhentir við Breiðholtslaug 6. júní sl.

Þetta er í þriðja skipti sem úthlutað er úr pottinum og hafa

mörg verkefnanna hlotið mikla athygli Breiðhyllinga sem og annarra. Verkefnið hlutu styrk að þessu sinni voru dansnámskeið fyrir börn og unglíngla og danskeppni að því loknu sem að Jun Rafael De Luna stendur fyrir, Þorbjörg Ósk Eggertsdóttir og Hrefna Lind Einarsdóttir munu rannsaka ímynd Breiðholts og vinna úr því myndbandsverk og ljósmyndir sem þær sýna í Gerðubergi, Sverrir Örn Sverr-

isson og félagar ætla að halda áfram viðhaldi og endurbótum á hjólabrettagarði við Jafnasel og koma þar upp góðri grillaðstöðu, körfuboltaspjaldi og fleiru og loks munu Marteinn Sindri Jónsson, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir og Kristian Ross vinna útvarpsþætti frá heimilum Breiðhyllinga þar sem að tónlist, leiklist, heimspeki, saga og frásagnir munu fléttast saman í lifandi heild fyrir áheyrendum Rásar 1.



Rúmlega 300 manns sóttu kveðjuguðþjónustu séra Valgeirs Ástráðssonar í Seljakirkju sem haldin var sunnudaginn 25. maí sl. Séra Valgeir lætur nú af störfum sóknarprests sökum aldurs en hann hefur þjónað Seljasókn frá upphafi. Myndin var tekin af kirkjugestum í kveðjuguðþjónustunni. Mynd. MÖA.

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd
erum í sama húsi og Íslandsbanki.



Þarabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Nýr borgarstjórnarmeirihluti kynntur í Elliðaárdal

Ný borgarstjórn tók við á borgarstjórnarfundum sem haldinn var 16. júní sl. Í upphafi fundarins var Sóley Tómasdóttir kjörin forseti borgarstjórnar, Elsa Hrafnhildur Yeoman var kjörin 1. varaforseti og Halldór Auðar Svansson 2. varaforseti. Dagur B. Eggertsson var kjörinn borgarstjóri og Sigurður Björn Blöndal var kjörinn formaður borgarráðs. Þá samþykkti borgarstjórn að breyta hlutverki stjórnkerfisnefndar og stofna nýtt stjórnkerfis- og lýðræðisráð sem Halldór Auðar Svansson mun stýra.

Nýr meirihluti borgarstjórnar sem stendur saman af Samfylkingu, Bjartri framtíðar, Vinstri grænum og Pírötum kynnti meirihlutasamstarf sitt í borgarstjórn á fundi í Elliðaárdal neðan Breiðholtsins á föstudaginn. Dagur B. Eggertsson, Sigurður Björn Blöndal, Sóley Tómasdóttir og Halldór Auðar Svansson kynntu samstarfssáttmálann sem flokkarnir hafa gert með sér fyrir komandi kjörtímabil. Þau fóru yfir helstu atriði samstarfssáttmálans segir: „Við sem myndum meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur komum úr ólíkum áttum en stefnum nú að sama markmiði. Með hreinskilni og heiðarleika að leiðarljósi ætlum við að læra hvert af öðru og mynda heild sem er auðugri en summa okkar samanlögð.“

Húsnæðis- og skipulagsmál í forgrunni

Í samstarfssáttmálanum eru tilgreind mörg málefni er unnið skal að á nýbyrjuðu kjörtímabili. Þar á meðal er að Reykjavíkurborg muni beiti sér fyrir því að 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir fari í uppbyggingu á næstu þremur til fimm árum og að uppbyggingin verði blanda alls konar íbúða; almennra, stúdentabúða, íbúða fyrir fjölskyldur og einstaklinga, íbúða fyrir fatlað fólk, heimilislausa og eldra fólk. Í kafla um skipulagsmál kemur fram að nýtt aðalskipulag Reykjavíkur verði leiðarljós í skipulags- og umhverfismálum.

Kynning og upplýsingagjöf til íbúa verði bætt í tengslum við skipulagsmál, bæði stór og smá. HverfisSKIPULAG verði unnið í nánú samráði við íbúa viðkomandi hverfa. Markmið skipulagsins verði sjálfbær hverfi með heildstæða þjónustu, græn svæði og fjölbreyttar samgöngur. „Við viljum efla hverfisvitund í öllum hverfum“. Segir í samstarfssáttmálanum. Þar kemur einnig fram að áhersla verði lögð á lýðheilsu og almenningsþróttir fyrir öll æviskeið og að frístundatilboð séu á viðráðanlegu verði. Samstarfssáttmálann má lesa í heild sinni á vefsíðu Reykjavíkurborgar http://reykjavik.is/sites/default/files/rvk_samstarfs-sattmali.pdf.

Hverfisráð Breiðholts

Formennska í öðrum helstu nefndum borgarinnar skiptist þannig: Skúli Helgason



Nýr meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata kynnti meirihlutasamstarf sitt í borgarstjórn Reykjavíkur í Elliðaárdal neðan Breiðholts sl. mánudag.

er formaður. Skóla- og frístundaráðs Björk Vilhelmsdóttir er formaður velferðarráðs fyrsta árið og Ilmur Kristjánsdóttir tekur við að ári liðnu. Hjálmar Sveinsson er formaður umhverfis- og skipulagsráðs. Líf Magneudóttir er formaður mannréttindaráðs. Elsa Yeoman er formaður menningar-

og ferðamálaráðs og Þórgnýr Thoroddsen er formaður Íþrótt- og tómstundaráðs. Í hverfisráð Breiðholts voru kjörin; Nichole Leigh Mosty, Sigbór Ægisson, Sigmundur Þórir Jónsson, Aðalheiður Franzdóttir, Jörunn Pála Jónasdóttir og Rafn Einarsson.



Frí

sólgler með styrkleika
fylgja kaupum á gleraugum

MJÓDDIN Álfa-
bakka 14
Sími 587 2123

FJÖRÐUR
Fjarðargötu 13-15
Sími 555 4789

SELFLOSS
Austurvegi 4
Sími 482 3949



augastaður

Gleraugnaverslunin þín

VIÐTALIÐ

Sjálfböðastarfið er ómetanlegt

ÍR skilaði um 2,5 milljóna króna rekstrarafgangi fyrir árið 2013. Skuldir félagsins við liðin áramót voru um 18 milljónir en þar af var aðeins um 2,1 milljón við lána- stofnun sem þegar hefur verið lækkuð í um eina milljón. Aðrar skuldir voru að stofni til skammtíma viðskiptaskuldir. Haukur Þór Haraldsson framkvæmdastjóri ÍR segir að þótt félagið hafi skilað afgangi sé það aðeins um 0,8% af heildartekjum þess og því þurfi áfram að halda vel utan um reksturinn.

Haukur segir vel vera hægt að reka íþróttafélag af skyngsemi en slíkt kalli eftir því að allir séu vakandi yfir útgjöldum og tekjum og alltaf leitað hagkvæmstu leiða í rekstrinum. „Dæmi um það er að við hikum ekki við að eignast notaða hluti ef þeir eru í góðu lagi. Annað sem nauðsynlegt er til þess að varðveita góðan rekstur er að allir stafsmenn geti gengið í nær öll verkefni og að hugtakið sértæk starfslýsing sé afmáð úr orðabókinni.“ Haukur segir reksturinn byggjast að miklu leyti á framlögum sjálfböðaliða og því að afla verði ráðstöfunarfé áður en ákvarðanir hafa verið teknar um til hvers eigi að nota það. „Þetta tekur vissulega á en það er erfitt að ætlast til þess af fólki og einkum sjálfböðaliðum okkar að þeir fari út á akurinn til þess að afla fjármuna sem þegar er búið að ákveða hvernig verður ráðstafað eða jafnvel búið að ráðstafa þeim fyrir fram.“

Ekkert íþróttafélag án sjálfböðastarfs

Haukur segir að framlag sjálfböðaliðanna sé mjög mikið og án þeirra væri rekstur félags á borð við ÍR óraunhæfur eða jafnvel ómögulegur. „Það er ekki hægt að reka íþróttafélag án sjálfböðastarfsins og lauslega áætlað er framlag sjálfböðaliðanna hjá ÍR á við um 20 ársverk. Með öðrum orðum þyrftum við að hafa 20 manns í vinnu á fullum launum til þess að halda úti þeirri starfsemi sem við gerum ef sjálfböðastarfsins nyti ekki við.“ Haukur nefnir dæmi um starfsmannabörf félags á borð við ÍR. „Framkvæmd á einu frjálsíþróttamóti kallar á að yfir 100 manns komi að því og 25 manns þarf við leik í meistaraflökki. Ég var að slá á verðmæti þessa vinnuframlags og það er næstum ótrúlegt. Þarna er ég að tala um vinnuframlag sem ekki er innan við 100 milljón króna virði á ári og allt unnið í sjálfböðavinnu. Það eru margar reddingar bæði stórar og ekki síður smáar sem þarf að sinna og oft er verið að hringja í sjálfböðaliðana á öllum tímum og kvabba á þeim. Þátttaka í starfi íþróttafélags með þessum hætti kallar bæði á áhuga fyrir starfi þess og fórnýsi.“

Stöðugleiki í rekstri deildanna

Haukur segir auk þess að halda fjármálum félagsins sem heildar í góðu horfi verði einnig að leggja áherslu á stöðugleika í rekstri félagsdeildanna. „Það er mjög ábyrgur rekstur á deildunum okkar og flestir eða allir átta sig á mikilvægi þess að tekjur og gjöld haldist í hendur og séu í jafnvægi. Sumar deildir eiga fjármuni og geta því leyft sér einhverja sveiflujöfnun. Stöðugleikinn í stjórnun þarf að tengjarekstrarár- in saman.“

Mikilvægt að hafa kjarna- hóp sjálfböðaliða

Þegar menn koma að starfi íþróttafélags eru þeir sjaldnast inni í öllum málum. Haukur segir það taka nokkurn tíma að komast inn í hlutina og mikilvægt að þekkingin flytjist á milli ára. „Á þeim sökum er mikilvægt að halda ákveðnum kjarnahópi sjálfböðaliða. Best er ef nýliðun í sjálfböðaliðahópnum sé með hæfilegum hraða þannig að hugtakið „ungur nemur gamall temur“ eigi nokkuð við. Það getur skapað erfiðleika ef allir koma nýir inn og geta ekki leitað í reynslubanka þeirra sem fyrir eru. Við höfum ekki orðið fyrir barðinu á öðrum mannaskiptum. Hér er fólk á öllum aldri að starfa og þótt það hafi tekið þátt í íþróttum hvort sem um skemmtun eða keppni er að ræða þá er það ekkert að hverfa frá okkur um þrítugsaldurinn. Þessir eldri aðilar eru gjarnan mjög öflugir að starfa fyrir félagið. Sumir eignast börn sem fara að stunda íþróttir og þá halda foreldrarinn gjarnan áfram í félagsstarfinu, vinna fyrir það og styrkja. En það þarf ekki að vera einhlýtt að fólk eigi yngri iðkendur í félaginu til þess að starfa fyrir það. Sjálfböðaliðar og velunnarar koma víða að.“

Sterkur félagsandi í grónu byggðarlagi

Haukur segir að félagsstarfið sé tvískipt. „Annars vegar er um að ræða barna- og ungmennastarfið en hins vegar starf meistaraflökkanna. „Þótt meira sé fjallað um þá í fjölmiðlum er meistaraflökkastarfið aðeins um þriðjungur félagsstarfsemi. Tveir þriðju fara í barna- og ungmennastarfið. Sá hluti starfsemi á sér tvær hliðar. Við lítum svo á að þátttaka barna í íþróttum sé hluti af almennu tómstunda- og uppeldisstarfi sem beri að sinna eftir bestu getu. Hinn hlutinn er að skapa sína eigin leikmenn sjálfir. Fá þá af heimavelli og gera þeim kleyft að eiga sína leiktíð og vinna sig upp innan félagsins. Innan ÍR hefur verið lögð mikil áhersla á að leikmenn meistaraflökkanna komi úr félagsstarfinu sjálfu. Byggist á uppöldum ÍR-ingum ef við getum tekið svo til orða. Mér er engin launung á því að munur er á viðhorfum þeirra sem hafa



Haukur Þór Haraldsson framkvæmdastjóri ÍR.

alist upp innan félagsins og þeirra sem koma annarsstaðar frá - frá öðrum félögum og stoppa ef til vil stutt við hjá okkur. Félagssandinn er annar. Oft standa heilar fjölskyldur og ættliðir að baki félagsmanna og starfa einnig fyrir félagið sem sjálfböðaliðar. Þabinn starfar ef til vill sem liðstjóri og afinn kemur þegar leikir fara fram og situr í miðasölunni. Þetta er dæmi um hvernig félagsandinn flyst á milli kynslóðanna. ÍR á nokkra afa sem starfa enn með félaginu og fylgjast með barnabörnunum.“

Fimmtugt og gróíð byggðarlag

Haukur bendir á að Breiðholtið

sé að nálgast fimmtugt, sé orðið mjög gróíð byggðarlag og nýjar kynslóðir hafi alist þar upp. „Breiðholtið er einnig eitt afmarkaðasta borgarhverfið í Reykjavík og hverfisvitundin er sterk. Það skapar félagsstarfi á borð við starf ÍR aukin tækifæri. Allt þetta hjálpar okkur við félagsstarfið og kjarninn í félagsliðum okkar eru að langmestu leyti uppaldir ÍR-ingar og Breiðhyllingar.“

Gamlir ÍR-ingar að koma til baka

Nú er búið að ákveða byggingu frjálsíþróttavallar í tengslum við ÍR-svæðið í Mjóddinni. „Já - þetta verður fyrsti félagsvöllurinn sem byggður verður í Reykjavík. Hvað

Ég held að þetta verði gott sumar og sumarstarfið verði öflugt. Allt bendir til þess. Við erum með fjölbreytta flóru af námskeiðum og mjög fjölbreytt alhliðasumarstarf. Ég held að ekkert félag bjóð jafn mikla fjölbreytni í námskeiðshaldi og ÍR.

ÍR varðar þá horfum við til þess að efla frjálsíþróttastarfsemina í hverfinu og styrkja framboðið af frjálssum íþróttum í Breiðholti. ÍR er þekkt fyrir frjálsar íþróttir og hjá okkur er ein öflugasta frjálsíþróttadeild landsins. Við höfum einnig verið að byggja handboltann upp og höfum verið að fá stráka heim. Ná gömlum og góðum ÍR-ingum til baka. ÍR verður aftur með meistaraflökk kvenna í handbolta eftir að félagið sigradi utandeildina. Kvinnaboltinn er í öruggri sókn. Sömu sögu er að segja úr körfunni. Þar er að koma upp öflugur hópur ÍR-inga og nýliðunin í yngri flokkunum er góð. Tímabilið hefur farið vel af stað og góð stemning er í liðinu. Það er líka kominn upp öflugur hópur í baklandinu.“

Erfitt að reka meistaraflökk með atvinnumönnum

Haukur segir að almennt séð sé erfitt að reka meistaraflökka á Íslandi og vera með hálf atvinnumannalið. „Það er erfitt að reka lið sem blandað er saman atvinnu- og áhugamönnum. Ef greidd eru laun fyrir spilamennskuna er erfiðara að fá sjálfböðaliða til þess að standa að fjáröflun. Því fylgir einnig vandi að taka fé að láni og ætla sjálfböðaliðunum síðan að fara í fjáröflun til þess að greiða skuldirnar. Þetta er ákveðinn vandi og þess vegna meðal annars leggjum við ofuráherslu á að ala okkar liðsfólk upp sjálfir. Í því liggja bæði félagslegir og fjárhagslegir kostir.“

Bjartsýnn fyrir sumarið

„Ég er mjög bjartsýnn fyrir sumarið,“ heldur Haukur áfram. „Ég held að þetta verði gott sumar og sumarstarfið verði öflugt. Allt bendir til þess. Við erum með fjölbreytta flóru af námskeiðum og mjög fjölbreytt alhliðasumarstarf. Ég held að ekkert félag bjóð jafn mikla fjölbreytni í námskeiðshaldi og ÍR. Ég finn líka fyrir því að við þurfum nánast ekkert að auglýsa námskeiðin okkar. Fólk veit af þessu og kemur og ég held að flest námskeiðin séu orðin fullbókuð.“



Frjálsíþróttafólk í ÍR.

Mímir útskrifar 140 úr Menntun núna



Útskriftarnemendur úr Menntun núna verkefninu í Breiðholti.

Mímir útskrifaði fyrstu hópana í Menntun núna verkefninu þann 22. maí sl. Þetta var önnur útskrift Mímis á vorönn 2014 í Gerðubergi. Samtals útskrifuðust 140 manns. Þar af útskrifuðust fyrstu tveir námshóparnir sem tengjast „Menntun núna“ verkefninu í Breiðholti og hafa stundað nám í Gerðubergi síðan í mars.

Samtals útskrifuðust um 140 manns úr námsleiðunum; Íslenska fyrir Albani, Þjónusta við ferðamenn, Almennar bóklegar greinar, Félagsliðabré, Leikskólalábrú, Fagnámskeið leikskóla og Landnemaskólinn. Einnig útskrifast hópar úr Raunfærnimati í félags- og tómstundagreinum, Raunfærnimati í vöruhúsum og Raunfærnimati í verslunarfagnámi. Tvær af námsbrautum Mímis voru í Gerðubergi og tengjast „Menntun núna“ verkefninu sem fór af stað í Breiðholti í mars en þær voru Landnemaskóli og Íslenska fyrir Albani.

Menntun núna er tilraunaverk-

efni menntamálaráðuneytis, aðila vinnuamarkaðarins, Reykjavíkurborgar og menntastofnana á borð við Mími Símenntun og Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Markmið verkefnisins er að efla menntun í Breiðholti almennt, en sérstaklega menntun þeirra sem ekki luku skólagöngu eftir skyldunám. Auk þess verður sjónum beint að innflytjendum og íslenskukennslu sem forsendu frekara náms, starfsþróunar og aðlögunar að

samfélaginu.

Úr ávarpi Huldu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Mímis-símenntunar á útskriftinni: „Það eru þessir hápunktar í starfi innan framhaldsfræðslunnar sem gera starf okkar sérlega gefandi og skemmtilegt, þ.e. að sjá árangur og horfa á eftir nemendum til ábyrgðameiri starfa eða í áframhaldandi nám innan jafnt sem utan formlega skólakerfisins.“

SGK



Nýjar sumarvörur

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.

Kebab eXpress

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola

**Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar.
Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd
upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.**

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt nám fyrir alla flokka ökunáms.
- Meirapróf.
- Nýjung, ökuhermar notaðir við kennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10-17 alla daga.

Veggmyndir eftir Erró í Efra Breiðholt



Verk Errós hafa verið sýnd á mörgum helstu söfnum Evrópu og víða um heim.

Borgarstjórn samþykkti samhljóða á fundi sínum nýlega að ráðist verði í nauðsynlegan undirbúning fyrir uppsetningu á tveimur veggmyndum eftir Erró í efra Breiðholti. Áformin ganga út á að skreyta gafla tveggja bygginga í hverfinu.

Einar Örn Benediktsson fráfarandi formaður menningar- og ferðamálaráðs og fulltrúi Besta flokksins mælti fyrir tillögunni. Í greinargerð með henni kemur fram að Erró hafi boðist til að gefa Reykjavíkurborg höfundarverk sitt fyrir tvo veggj í þessu skyni. Hann hafi í gegnum tíðina sýnt Reykjavíkurborg og Listasafni Reykjavíkur einstakan rausnarskap með því

að gefa safninu verk sín. Erró er heiðursborgari Reykjavíkur og það yrði mikill fengur að fá varanlegt listaverk eftir þennan heimsfræga listamann í almenningssými í borginni. Verk Errós í Breiðholti yrðu einnig til þess að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, fagra Breiðholtið og auka stolt íbúanna af nærumhverfi sínu. Verk Errós hafa verið sýnd á mörgum helstu söfnum Evrópu og víða um heim. Veggmyndir hans prýða merkar byggingar í mörgum borgum og hafa reynst mikið aðdráttarafl og aukið umhverfisgæði þar sem þær hafa verið settar upp.

Um 60 í Kvinnahlaupinu



Þátttakendur í kvinnahlaupinu fyrir framan heimkynni félagsstarfsins í Gerðubergi.

Góð þátttaka var í Kvinnahlaupi ÍSÍ í Gerðubergi en Félagsstarfið þar stóð fyrir Kvinnahlaupi Íþróttasambands Íslands 11. júní kl. 11 í yndislegu veðri. Um 60 þátttakendur tóku þátt og voru gengnar þrjár vegalengdir.

Gönguhópur félagsstarfsins sá um lengstu gönguna sem var um 50 mínútur. Ein stutt ganga var eftir göngustígnum fyrir þá

sem eru með grindur og eiga erfitt um gang og að síðustu var gengið hring um húsið Fagrabergr. Sigurður Guðmundsson fyrrum skólustjóri sá um upphitun fyrir hlaup og söng, auk þess sem húsbandið spilaði á harmonikku og trommur. Þátttakendur fengu verðlaunapening, Nivea kremprufu og Kristal. Að lokinni göngu auk þess sem grillað var fyrir hópinn fyrir utan tengibyggingu

Félagsstarfs og Fagrabergrs. Anna Bjarnadóttir umsjónarmaður Félagsstarfs í Gerðubergi tók þátt í heimildamyndagerð um hlaupið, tók upp viðtöl við þátttakendur og svipmyndir frá hlaupinu. Það verður gaman að sjá hvað kemur út úr því en heimildamyndin er gerð í tilefni 25 ára afmælis Kvinnahlaupsins.

Rótarý færir Skógarbæ 400 þúsund



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson forseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur Breiðholt afhenti Hrefnu Sigurðardóttur, forstjóra hjúkrunarheimilis Skógarbæjar gjöf frá klúbbum að upphæð 400 þúsund kr. sunnudaginn 25. maí sl. Á myndinni sem tekin var við það tækifæri eru Elías Ólafsson verðandi forseti klúbbsins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson núverandi forseti, Hrefna Sigurðardóttir forstjóri Skógarbæjar, séra Valgeir Ástráðsson og Emilía B. Möller.



Verðlaunahafar skóla- og frístundaráðs.

Nemendaverðlaunin veitt í Fellaskóla

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru veitt við hátíðlega athöfn í Fellaskóla mánudaginn 26. maí. 33 nemendur í grunnskólum Reykjavíkur tóku við viðurkenningu fyrir dugnað og elju á hinum ýmsu sviðum skólustarfsins.

Fjölmenni var við athöfnina þar sem nemendur úr Fellaskóla sungu við undirleik Guðna Franzsonar og þverflautuhópur úr Tónaskóla Sigursveins lék. Verðlaunahafar tóku við viðurkenningarskjali og Tímakistunni eftir Andra Snæ Magnason sem fékk á dögnum barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir það

margslungna ævintýri. Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs sagði m.a. í ávarpi sínu til verðlaunahafanna og foreldra þeirra að eitt besta vegamentið sem nemendur fengu í grunnskólanum væri færni til góðra samskipta, til að leysa ágreining á lausnarmiðaðan hátt og vera í samstarfi við fólk með margbreytilegan bakgrunn og skoðanir; "Skólamenning sem einkennist af fjölbreytni og jöfnum tækifærum eru verðmæti í sjálfu sér, stöndum saman að því að hlúa að henni, heimilin og skólarnir og stórfjölskyldan í sameiningu", sagði Oddný.



Innbrotum fækkar í Breiðholti

Innbrotum í hús og þjófnuð-um hefur fækkað mikið í Breiðholti á undanförunum árum. Þetta koma fram á árlegum fundi götustjóra í verkefni um nágrannavörslu í Breiðholti og tölfræði frá lögreglunni í Reykjavík var kynnt. Alls eru 35 götur sem taka þátt í verkefninu um nágrannavörslu í Breiðholt og mættu ellefu götustjórar á fundinn.

Umsjónarmaður verkefnisins er Arnar Snæberg Jónsson frístundaráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts og hélt stutta kynningu á fundinum en megináhersla var lögð á umræður um verkefnið. Meðal þess sem bar á góma var gagnkvæmt upplýsingaflæði milli umsjónarmanns verkefnisins og götustjóra sem þarf að vera vel virkt allt árið um

kring. Fundargestir voru almennt sammála um að nágrannavarslan skipti talsverðu máli í þeirra götu, bæði sem forvörn gegn glæpum og sem tilefni til að kynna nágrönnum sínum og íbúum götunnar betur.



Myndin tengist götustjórafundinum ekki með beinum hætti en hún var tekin þegar íbúar Rithóla héldu árlegt götugrill en Rithólar eru með fyrstu götum í Breiðholti þar sem nágrannavarsla var tekin upp.

Sinfónían í Breiðholts-skóla



Sinfónían á sviðinu í Breiðholtsskóla.

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Skólahljómsveit Árbæjar- og Breiðholts buðu til tónleika í íþróttasal Breiðholtsskóla á dögunum og má segja að um bæði hátíðlega og sögulega stund hafi verið að ræða.

Tónleikarnir voru liður í samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitarinnar og skólahljómsveita í Reykjavík. Vel tókst til með þessa samvinnu og útkoman varð einkar glæsilegir tónleikar með fjölbreyttri efnisskrá sem höfðu greinilega til hinna ungu áheyrenda. Leikin var bæði klassísk tónlist og dægurlög m.a. Rock me, Mama mia, Óðurinn til gleðinnar, Eye of the Tiger, Na na hey hey og Hamingjan er hér.



Frístundaráðgjafi – Þjónustumiðstöð Breiðholts

Þjónustumiðstöð Breiðholts auglýsir eftir frístundaráðgjafa. Um er að ræða fullt starf tímabundið til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ráðgjöf varðandi félags- og frístundastarfs í hverfinu og stuðla að eflingu þess.
- Stuðla að þátttöku íbúa í félags- og frístundastarfi sem og samfélagsverkefnum.
- Vinna að jákvæðri uppbyggingu félagsauðs í hverfinu.
- Þátttaka í stefnumörkun um félags- og frístundamál hverfisins
- Þátttaka í framkvæmd forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og umsjón með forvörnum í hverfinu.
- Starfar með hverfisráði að eflingu félagsauðs í hverfinu
- Samstarf við notendaráð um félagsstarf á félagsmiðstöðum í hverfinu
- Leiða samstarf á milli stofnanna, félagasamtaka og einstaklinga í hverfinu um þau verkefni sem fyrir liggja
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga, s.s. á heimasíðu hverfisins.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á frístunda- og samfélagsvinnu
- Reynsla af samfélagsvinnu og félags- og frístundastarfi æskilegt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og samstarfshæfni.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð pólskukunnátta er kostur

Nánari upplýsingar veitir Óskar Dýrmundur Ólafsson í síma 411-1300/664-7780 eða með því að senda fyrirspurn á oskar.dyrmundur.olafsson@reykjavik.is.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 23.06.2014

Recreational counsellor - Social Service Centre of Breiðholt

The Social Service Centre of Breiðholt advertises the position of recreational counsellor. The position is full-time and temporary for one year.

More information can be obtained from Óskar Dýrmundur Ólafsson (phone number: 411-1300/664-7780, or by sending an inquiry to oskar.dyrmundur.olafsson@reykjavik.is.

Applicants are kindly asked to apply for the position on the city of Reykjavík's website www.reykjavik.is/storf

Application deadline is 23.06.2014

Doradca ds. rekreacji – Miejskie Centrum Usługowe dzielnicy Breiðholt

Miejskie Centrum Usługowe dzielnicy Breiðholt poszukuje doradcę ds. rekreacji. Jest to praca na pełny etat na okres jednego roku. Bliższe informacje udziela Óskar Dýrmundur Ólafsson pod nr tel 411-1300/664-7780 lub wysyłając pytanie na oskar.dyrmundur.olafsson@reykjavik.is.

Osoby ubiegające się o pracę proszone są o wysłanie podania poprzez stronę internetową miasta Reykjavik www.reykjavik.is/storf

Podania przyjmowane są do dnia 23.06.2014

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is



Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Hverfissjóður styrkir Ösp og Leikni

Eitt þeirra verkefna sem Hverfissjóður Reykjavíkur hefur styrkt er verkefni sem lítur að foreldratengslum um Læsisgarðinn á Leikskólanum Ösp í Breiðholti. Annað verkefni í Breiðholti sem Hverfissjóður leggur lið er kynningarátak Leiknis í Breiðholti.

Öllum verkefnum sem Hverfissjóður leggur lið er ætlað að efla félagsauð, fegra mannlífið, styrkja samstarf íbúa og stuðla að fegurri ásýnd borgarhverfa. Alls bárust 28 umsóknir fyrir tilskilinn tíma og var rúnum fjórum milljónum króna úthlutað til þrettán verkefna.



Frá jólaskemmtun hjá Leikskólanum Ösp.

Samfélagsleg vistræktun í Seljahverfi



Frá sáningaráttíð í Seljagerði.

Verið er að koma upp samfélagsrekinum grenndargarði á laggirnar í matjurtagarðinum í Seljahverfi. Fyrsti opni viðburðurinn fyrir garðinn eða Seljagarð eins og hann nefnist var haldinn laugardaginn 24. maí. Þar fór fram kynning vistrækt „permaculture“ og einnig á samfélagsgörðum „community gardens“. Þarna fékk fólk tækifæri til að kynna og sjá hverjir höfðu áhuga og vildu taka þátt í verkefninu og auk þess sem byrjað var að hanna garðinn. Ótrúlega margir mættu og voru meðal annars gerðir stígar og moldarbeði.

Nokkrir aðstandendur fengu leyfi frá borginni að nýta tiltekna lóðir í Seljahverfi. Tillaga þeirra að ræktunarverkefni passaði inn í stefnu allra flokka sem sæti eiga

í borgastjórn að færa ræktun nær borginni. Gert er ráð fyrir að reisa tvö gróðurhús í sumar, eitt stórt og annað lítið. Einnig verður sameiginlegum reit haldið við. Verkefnið er alfarið rekið af sjálfbodaliðum og hugsjónafólki en þrátt fyrir það hefur tekist að fara langa leið á stuttum tíma. Ætlunin er að sjá hvernig sumarið mun þróast en öllum sem áhuga hafa stendur til boða að taka þátt í verkefninu. Næsta sumar er svo áformað að halda áfram með verkefnið þá er gert ráð fyrir að hægt verði að leigja sér reit til langs tíma bæði á úti reit og inni í gróðurhúsi.

Á undanförunum árum hefur orðið vitundarvakning í hinum vestræna heimi, almenningur vill núna miklu fremur kaupa mat sem ræktaður er hér á landi og á

heilnæman hátt. Mörgum finnst eins og fólk hafi fjarlægst náttúruna. Þessi vitundarvakning þýðir að sífellt fleiri hafa áhuga á að rækta í sameiningu. Samfélagsrekin garður, eða borgarbyli er staður þar sem að allir geta tekið þátt í að skapa og rækta saman. Hugmyndin er að halda ýmsa viðburði tengda garðinum, sáningadaga, uppskerudaga og jafnvel halda súpueldhúsi.

Ef lítið er til reynslu annarra landa í þessu efni má nefna að biðlistar lengdust eftir því að fá pláss í grenndargörðum í London úr nokkrum mánuðum í allt að áratug eftir að þessi hugsun tók að ná útbreiðslu. Ekki er talið að um stundarfyrirbæri sé að ræða heldur að þessi hugarfarsbreyting tengist ákveðni breytingu á hugsunarhátti neytenda.



GERÐUBERGSSAFN

NÝR OG SPENNANDI TÍMI!

Í sumar ætlum við að breyta og bæta í Gerðubergi. Veggir verða rifnir niður, kaffihúsið fært og ýmislegt annað gert til að bæta aðstöðu fyrir gesti í húsinu. Því miður neyðumst við til að loka á meðan að framkvæmdir standa sem hæst.

Safnið verður opið sem hér segir í sumar:

Mánudaga - fimmtudaga 10-18 og föstudaga 11-18
Lokað frá 15. júní til 7. júlí.

Önnur söfn Borgarbókasafns verða opin að venju.

KVÖLDGÖNGUR

19. júní kl. 20 - Kvennasögu-slóðir í Kvosinni
Gengið á slóðir kvenna. Lagt upp í suðvesturhorni Hljómskálagarðsins í nýjum höggmyndagarði.

3. júlí kl. 20 - Reykjavík safarí
Fjölmenningarleg ganga þar sem menningarlífið í miðborginni er kynnt á ýmsum tungumálum. Skemmtun og hressing í göngulok í Borgarbókasafni í Tryggvagötu 15, þar sem gangan hefst einnig.

10. júlí kl. 20 - Lífið gengur sinn gang
Ljóðaganga um slóðir hversdagsleikans í miðborginni. Farið verður eftir Ljóðakorti Reykjavíkur sem má finna á vefsíðu Borgarbókasafns. Gangan hefst við Tryggvagötu 15 og 17.

7. ágúst kl. 20 - Mararparaborg
Íslenskar bókmenntir tengdar höfninni og hafinu rifaðar upp í hafnargöngu á vegum Borgarbókasafns. Gangan hefst milli Tryggvagötu 15 og 17.

Nánari upplýsingar á www.borgarbokasafn.is

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

Gerðubergssafn, sími 557 9122 - gerduberg@borgarbokasafn.is

www.borgarbokasafn.is

www.bokvit.tumblr.com - www.bokmenntir.is - www.artotek.is

Afgreiðslutími: Mán-fim 10-18, fös 11-18. Lokað 15. júní - 7. júlí

VILTU KOMAST AÐEINS ÚT ÚR BÆNUM?



Lífræna Systrasamlagskaffið með lífrænni mjólk. Borið fram í niðurbjótanlegum umbúðum. Það gerist ekki betra!



Nærandi sálarfæða Systrasamlagsins; samlokur, þeytingar, skot, croissant og margt fleira.



Sápurnar frá Dr. Bronner eru 100% náttúrulegar, lífrænar, ilma dásamlega, fair trade og henta allri fjölskyldunni.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Við sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367



AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16

FB útskrifar 168 nemendur



Útskriftarhópur FB. Alls útskrifuðust 168 nemendur af sjö brautum.

Skólaslit Fjölbrotaskólans í Breiðholti fóru fram í Háskólabíói, miðvikudaginn 28. maí. Alls útskrifuðust 168 nemendur af 7 brautum skólans. Margrét Lilja Arnarsdóttir er dúx skólans, en hún hlaut 9.19 í aðaleinkunn og lauk stúdentsprófinu á þremur árum.

Í ræðu sinni við skólaslitin lagði Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB út frá mikilvægi vandaðrar ákvörðunartöku í lífi og starfi. Til að taka góða ákvörðun þurfi einstaklingurinn að vera með skýra sýn um það hvað skipti hann mestu máli, hvaða gildi hann hafi að leiðarljósi. Síðan þurfi hann að leita uppi alla mögulega valkosti og nota vit sitt og hæfni til að veita þá og meta uns hann komist að bestu mögu-

legri niðurstöðu. Ákvörðun fullkomnist síðan í framkvæmdinni. Guðrún Hrefna hvatti nemendur að lokum til þess að vera sjálfir við stjórnvölinn í eigin lífi.

Sópuðu að sér verðlaunum

Fjórar stúlkur sópuðu að sér flestum verðlaunum sem veitt voru fyrir góðan námsárangur. Margrét Lilja fékk verðlaun m.a. fyrir efnafræði, íslensku og þýsku; Jóhanna Kristín Jóhannesdóttir fékk m.a. verðlaun fyrir jarðfræði, umhverfisfræði og spænsku og Fanney Magna Karlsdóttir fékk m.a. verðlaun fyrir dönsku, ensku, félagsgreinar auk þess sem hún hlaut styrk úr Styrktarsjóði Kristínar Arnalds, fyrrver-



Margrét Lilja Arnarsdóttir er dúx skólans.

andi skólameistara FB fyrir framúrskarandi árangur í íslensku. Þá fékk Eyrún Guðmundsdóttir verðlaun fyrir einstakan árangur í stærðfræði, en hún tók 12 stærðfræðiafanga; 11 þeirra

með einkunnina 10 og einn með einkunnina 9.

Fjöldi fyrirtækja, félaga og stofnana gáfu útskriftarnemendum gjafir, s.s. Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins, Gámaþjónustan, Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella, nokkur sendiráð erlendra ríkja og fleiri aðilar.

Slökkvitækjaþjónustan
 ☎ 564 1433
 Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
 Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
 Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboðal

Breiðholtsblaðið
Auglýsingasími:
511 1188

Miðborgarstemning á UNO - matur og vín á góðri stundu

UNO cucina italiana
 Hafnarstræti 1-3
 101 Reykjavík
 Sími 561 1313
 Netfang uno@uno.is
 Borðapantar í síma 561 1313

Kokkarnir á UNO kunna svo sannarlega að færa íslenskt úrvalshréfni í miðjarðarhafsbúning og þessi notalegi veitingastaður í hjarta borgarinnar skapar fallega umgjörð fyrir stefnumót og góðra vina fundi. Glas af prosecco gleður á undan máltíð sem svikur engan, enda UNO búinn að skipa sér í fremstu röð veitingahúsa í Reykjavík.



Eldhúsið er opið
17:00 til 23:00 sunnudaga til fimmtudaga
17:00 til 00:00 föstudaga og laugardaga



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

MASI CAMPOFIORIN
 - Ítalía - Veneto

Kirsuberjarautt. Meðalfylling, ósætt, fersk sýra, mild tannin. Þurrkaðir ávextir, kirsuber, krydd, vanilla.

PICCINI MEMORO - Ítalía - 4 þrúgur frá 4jum hornum Ítalíu

Dökkrúbínrautt. Þétt fylling, þurrt, fersk sýra, þroskuð tannin. Sælgaðiskenndur berjablámi, vanilla, eik.

Nauta- og chilirigatone

Hægeldaðir nautaskankar, sveppir, parmesan, pikklaður chili.

Lystugt og ljúffengt

Íslenskir karlmenn elska þessa hægelduðu nautaskanka með fersku pasta og kröftugt bragðið af sveppum og chili kallar á ljúfa Memoro rauðvínið frá Piccini.



Hvernig varð Seljahverfið til

Hér birtist síðasti kaflinn úr græringarferð sem unnin var fyrir Breiðholtsblaðið um tilurð og uppbyggingu Breiðholtsins. Fjallar hann um yngsta hluta þess Seljahverfið. Forsendur fyrir byggð í Seljahverfinu höfðu breyst því áður var gert ráð fyrir að þar risu eingöngu einbýlis- og raðhús en vegna krafna frá litlum byggingarverktökum var ákveðið að reisa þar hverfi lágra og lítilla fjölbýlishúsa sem minni fyrirtæki réðu við að reisa ólíkt stórbyggingunum í Efra-Breiðholti. Var fjölbýlishúsabyggðinni valinn staður efst á Fálkhól sem áður hafði verið talinn óbyggilegur sökum hæðar yfir sjávarmáli.

Arkitektarnir sem unnu að skipulagninu þess skipulögðu blandað hverfi fjölbýlis- og raðhúsa sem féll vel að landslaginu þar sem húsin vörpuðu sem minnstum skugga. Þau skipuðu húsunum í þyrpingar sem hver um sig myndaði skjólgott útirými þar sem kröfum um aðgang að garði fyrir hverja og eina íbúð var mætt að einhverju leyti. Sérkenni húsanna samkvæmt skipulaginu átti að vera bratt, einhalla þak. Þetta sögðu þau geta boðið margvíslega möguleika á nýtingu. Þar sem áherslan var á að hafa íbúðir af mismunandi stærð í hverjum stigagangi héldu þau að byggjarverktakar kæmu til með að líta á þetta sem tækifæri. En svo var ekki.

Skipulaginu líkt við rós úr lofti

Eftir að skipulagið hafði hlotið formlegt samþykki og hefjast átti handa við lóðaúthlutun kom í ljós að byggingarverktakar settu sig upp á móti skilmálunum og töldu sig ekki geta byggt hús samkvæmt þeim. Borgaryfirvöld ákváðu að taka tillit til þessa og gáfu verktökunum leyfi til að hafa húsin öðruvísi en ráð var fyrir gert. Þau hafa þó öll einhalla þök en yfirleitt ekki eins brött og ætlunin var. Hæð húsanna varð einnig meiri en ráð var fyrir gert í skipulagningu og sú hugsun að húsin mynduðu líkt og hettu á Fálkhólnum fór út um þúfur. Allt húsnaði á Fálkhól var selt á frjálsum markaði. Eitt sinn þegar arkitektinn var beðin að skýra skipulagið á Fálkhólnum líkti hún því við rós og hefur það fest við hverfið, sumir héldu jafnvel að eina hugmyndin á bak við röðun

húsanna hefði verið að það liti út eins og rós úr lofti.

Þung og margbrotin steinsteypuvirki

Í miklum bratta í vesturhlíðum Fálkhóls var ákveðið að gera tilraun með að reisa svonefnd keðjuhús sem teygja sig niður hlíðina og liggja milli gatna. Mikill landhalli gerir að verkum að allir hafa gott útsýni en lóðirnar eru á hinn bóginn mjög brattar svo að útivistarsvæði einskorðast að miklu leyti við svalir. Þegar uppdrættir skipulagshöfundanna eru skoðaðir minna þeir um margt á terrasshús á Spáni en í raun eru húsin þung og margbrotin steinsteypuvirki.

Í upphafi skipulagsins var ákveðið að miðhverfi þess skyldi vera í dalverpinu sem skiptir því í tvennt og litu höfundarnir til Þingholtanna hvað varðaði fyrirmyndir um þéttleika og umferðarkerfi. Nokkrar athyglisverðar tilraunir voru gerðar af hálfu skipulagshöfunda til að fá tilvonandi íbúa til að taka þátt í mótun skipulagsins. Við Kögursel, Kambasel, Hálsasel og Heiðarsel er að finna svonefnda tilraunareiti. Þar er einbýlishúsum komið fyrir í þéttum þyrpingum, með sameiginlegu leiksvæði á milli húsa auk þess sem hvert hús á sína einkalóð. Íbúarnir voru með í ráðum og ekki verður annað sagt en vel hafi tekist til og þó húsin standi þétt eru þetta vinalegar götur sem leiða hugann að gömlu hverfunum í miðborginni.

Allir áttu að geta fundið eitthvað

Mörgum sem fara um Seljahverfi finnst sem það hljóti að vera skipulagt af mörgum mismunandi höfundum sem hafa ólíka sýn á umhverfið en staðreyndin er sú að allt hverfið er skipulagt af sömu arkitektum sem reyndu að ná fram fjölbreytni og skapa aðstæður fyrir margar gerðir af íbúðarhúsnaði. Í hverfinu má finna allt frá pínulitlum fjölbýlishúsaíbúðum upp í einhver stærstu einbýlishús í Reykjavík. Hugsunin á bak við þessa fjölbreytni var að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi svo fjölskyldur þyrftu ekki að flytja úr hverfinu þótt þær stækkuðu. Nú er þar jafnvel að finna íbúðir ætlaðar eldri borgurum og elli- og hjúkrunarheimilið Seljahlíð.



Stundum var því spáð að gróður myndi ekki þrífast í Breiðholti og hluti Seljahverfis var í eina tíð talin óbyggilegur vegna hæðar yfir sjó. Eins og sjá má lét gróðurinn ekki á sér standa á eftir mannfólkinu.



Ölduselsskóli var fyrsti skólinn í Seljahverfi og muna börn frumþýlinganna vel eftir lausum kennslustofum sem notaðar voru á fyrstu árunum. Myndin var tekin á afmælishátíð skólans.



Frá sumarhátíð við Seljahlíð í Seljahverfi en þar er öldrunar- og hjúkrunarheimili.



Fleiri skólar hófu starfsemi í Seljahverfi þar á meðal Tónskóli Eddu Borg. Hann hóf starfsemi í Seljakirkju en var síðan við Hólasel í mörg ár þar til hann flutti að Kleifarsel 18 þar sem borgin hafði látið gera upp húsnaði sem ætlað hafði verið til verslunar.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Göngumessur í Breiðholtinu



Næsta sunnudagskvöld verður gengið frá Breiðholtskirkju til messu í Seljakirkju.

Boðið verður upp á útvist, hreyfingu og góðan félagsskap í göngumessum Breiðholtssafnaðanna. Þrjá sunnudaga í röð sameinast söfnuðirnir í sínum árlegu messum þar sem gengið er til messu frá einni kirkju til annarrar.

Fyrsta göngumessan fór fram sl. sunnudaginn en þá safnaðist fólk saman við Fella- og Hólakirkju kl. 19 og gekk niður í Breiðholtskirkju þar sem messa hófst kl. 20. Sunnudaginn 22. júní verður gengið frá Breiðholtskirkju kl. 19 til messu í Seljakirkju kl. 20. Sunnudaginn 29. júní verður síð-

an hringnum lokað með því að ganga frá Seljakirkju kl. 19 og upp í Fella- og Hólakirkju til messu sem hefst kl. 20. Boðið verður upp á kirkjukaffi í lok hverrar messu og einnig ökuferð til baka að upphafi göngunnar. Göngumessurnar í júní hafa fest sig í sessi og notið mikilla vinsælda. Breiðholtið býður upp á margar fallegar gönguleiðir og áhuga-verða staði þar sem staldrað verður við og þess notið sem fyrir augu ber. Allir eru hjartanlega velkomnir og ekki er nauðsynlegt að skrá sig til þátttöku.

Laugarnar í Reykjavík



Lengri afgreiðslutími í sumar*

Árbæjarlaug

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 20:00**
Helgar **9:00 – 20:00**

Vesturbæjarlaug

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 20:00**
Helgar **9:00 – 20:00**

Laugardalslaug

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 22:00**
Helgar **8:00 – 22:00**

Sundhöll Reykjavíkur

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 20:00**
Laugardaga **8:00 – 16:00**
Sunnudaga **10:00 – 18:00**

Breiðholtslaug

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 20:00**
Helgar **9:00 – 19:00**

Grafarvogslaug

Mánud. – fimmtud. **6:30 – 22:00**
Föstudaga **6:30 – 20:00**
Helgar **9:00 – 19:00**

Klébergslaug

Mánud. – fimmtud. **15:00 – 21:00**
Föstudaga **15:00 – 21:00**
Helgar **11:00 – 15:00**

*Sumarafgreiðslutími gildir frá 1. júní – 31. ágúst



Allir hjartanlega velkomnir

Svandís Birkisdóttir
hjúkrunarfræðingur,
yogakennari og heilðrænn
meðferðaraðili verður
með yoganámskeið fyrir
einstaklinga með langvinna
verki og einnig eldra fólk.
Æfingarnar eru gerðar á
stólum og farið er í
uppbyggingu á huga,
líkama og sál.
Tímabantanir eru í
síma 868-8801 eða
svandisb@gmail.com

Monika Jagusiak
hefur lokið við level 1 í
Kundalini yoga og einnig
öðlast kennararéttindi í
krakkayoga. Með kundalini
yoga er hægt að stuðla að
jafnvægi á alla innri starfsemi
líkamans eins og innkirtla-
kerfi, meltingarkerfi,
taugakerfi og ónæmiskerfinu.
Skráning í síma 698-2605 eða
monikajagusiak@gmail.com

Kristín Stefánsdóttir
hefur kennt yoga á
heilsuhótel Íslands
undanfarin ár. Hún hefur
hafið störf hjá Orkusetrinu í
Garðabæ. Þar mun hún kenna
blítt og hlítt yoga sem vinnur
heilðrænt með manneskjuna.
Þetta er áhrifaríkt en einfalt
þar sem öll líkamskerfi eru
örvuð í þeim tilgangi að
viðhalda heilbrigði líkamans,
hugans og andans.
Einnig verður hún með
unglinga og krakkayoga.
Skráning í síma 777-0044 eða
kristinstef@live.com



Laugarnar í Reykjavík



Skemmtilegur frítími



Menningarmót í Ölduselsskóla



Margt var um manninn á menningarmótinu í Ölduselsskóla.

Fimmti bekkur í Ölduselsskóla hélt velheppnað menningarmót föstudaginn 9. maí. Menningarmót er verkefni sem kennarar vinna í samvinnu við verkefnastjóra fjölmennigar á Borgarbókasafninu. Menningarmótíð snýst um það að nemendur átti sig á hver þeirra eigin menning er, kynni hana fyrir öðrum og þar með stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi. Þetta verður til þess að allir sem taka þátt kynnst betur.

Nemendur í Ölduselsskóla buðu fjölskyldumeðlimum sínum í skólann til að taka þátt í menningarmótinu. Þeir undirbjuggu glæsilega opunarhátíð sem var haldin í sal skólans. Þar kynntu nemendur markmið mótsins, spiluðu á hljóðfæri og sungu. Eftir opunarhátíðina héldu nemendur og gestir þeirra í stofur þar sem kynningin hófst. Hátíðin endaði á gómsætum veitingum sem allar fjölskyldur lögðu til. Nemendur, aðstandendur og starfsfólk var virkilega ánægt með hvernig til tókst. Menningarmótsaðferðin er þverfagleg kennsluáferð sem er hugsuð til þess að varpa ljósi á mismunandi menningarheima nemenda. Á menningarmótum fá nemendur, foreldrar og starfsfólk tækifæri til að hittast og kynna sína persónulegu menningu, sem tengist ekki endilega þjóðarmenningu, og það sem skiptir mestu máli fyrir hvern og einn, í hvetjandi umhverfi. Allir eru þátttakendur og áhorfendur um leið.

Kristín R. Vilhjálmstöðir, sem er kennari og verkefnastjóri fjölmennigar á Borgarbókasafni, hefur þróað verkefnið bæði í Danmörku og á Íslandi síðan árið 2000 og hefur það verið notað með góðum árangri í kennslu í báðum lönd-



um. Hægt er kynna sér verkefnið á heimasíðu Borgarbókasafns www.borgarbokasafn.is

Eins og meðfylgjandi myndir gefa til kynna höfðu nemendurnir ýmislegt fram að færa á menningarmótinu.



Jón Gnarr afhjúpaði vegglistaverk Theresu Himmer í Breiðholti í fyrra og Dagur B. Eggertsson verður trúlega að afhjúpa verk Söru Riel í haust ef áætlanir ganga eftir.

Listsmiðja um vegglist í Breiðholti

Listasafn Reykjavíkur og frístundamiðstöðin Miðberg standa í sumar fyrir listsmiðjum um vegglist fyrir ungmenni í Breiðholti. Átta ungmenni á aldrinum 17 til 20 ára hafa verið ráðin til að læra veggmyndagerð undir handleiðslu reyndra listamanna. Þau fá jafnframt tækifæri til að mála myndir á vegg í hverfinu í samráði við íbúa og Reykjavíkurborg.

Verkefnið hófst 4. júní og stendur til 25. júlí. Þá verða listsmiðjur um vegglist haldnar fyrir yngri aldurshópa í Breiðholti síðar í sumar. Þetta er hluti af stærra verkefni um vegglist í Breiðholti

sem Listasafn Reykjavíkur hefur staðið fyrir frá því í fyrra. Fyrrúmu ári fékk listasafnið listakonurnar Söru Riel og Theresu Himmer til að gera veggmyndir á gafla tveggja hárra fjölbýlishúsa í efra Breiðholti. Veggmynd Theresu Himmer var afhjúpuð í haust en til stendur að afhjúpa verk Söru Riel í sumar. Loks hefur borgarráð samþykkt að bæta við tveimur veggmyndum eftir Erró í efra Breiðholti. Verkefninu er ætlað að breiða út list í opinberu rými utan miðborgarinnar, febra efra Breiðholt og auka stolt íbúanna af nærumhverfi sínu.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

★ www.tattoo.is ★

★ **CLASSIC TATTOO** ★

★ **REYKJAVÍK** ★

★ **Amrabakki 2** ★

★ sími: 7722171 ★

★ Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga ★

★ tattoo@tattoo.is ★

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

www.borgarblod.is

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson
kristinnk@vis.is
Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Sumarhátíð í Seljahverfi

Leikskólarnir í Seljahverfi sem eru Hálsaskógur, Jöklaborg, Seljakot og Seljaborg héldu sína árlegu sumarhátíð föstudaginn 13. júní sl.

Farið var í skrúðgöngu með lúðrasveit sem gekk með ungum sem eldri. Eftir það var stoppað fyrir framan Seljahlíð og sungið fyrir fólkið sem býr þar. Ferðinni var síðan

haldið áfram og nokkur lög voru sungin við andapollinn. Eftir það fóru allir í sína leikskóla þar sem pylsur voru grillaðar og krakkarnir fengu andlitsmálningu. Svo var endað á að horfa á leiksýningu sem leikhópurinn Lotta stóð fyrir. Myndirnar voru teknar á sumarhátíðinni.



www.breiðholt.is



Velkomin í Gróðrarstöðina Stórð

Við bjóðum þér upp á:

- 🌸 mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- 🌸 mold, áburð, ker og potta
- 🌸 góða þjónustu og faglega ráðgjöf



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bilastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stórð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



TAX FREE

FLUGFARDEGAR FÁ VSK
AF ÖLLUM GLERAUGUM

Reykjavík
GLERAUGNABÚÐIN
MJÓDD GÖNGUGÖTU
SÍMI 527 1515

Sindri lék með U19 ára landsliðinu

Sindri Björnsson leikmaður meistaraflokks Leiknis var valinn í lokahóp hjá U19 ára landsliði Íslands sem tók þátt í milliriðli fyrir EM.

Mótið fór fram í Írlandi í lok maí síðastliðnum. Ísland lék í riðli með Serbíu, Tyrklandi og Írum. Íslenska liðið átti því miður ekki sitt besta mót og tapaði öllum sínum leikjum.

Sindri er fæddur 1995 og leikur sem miðjumaður og hefur skorað þrjú mörk með meistaraflokki á þessu tímabili.



Sindri Björnsson leikmaður meistaraflokks Leiknis.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

HÁRLAUSNIR

Hársnyrtistofa

Háteigisvegi 2 - 105 Reykjavík

Herraklipping

kr. 3.450.-

Tímarauntanir í sími 552 1345



Eitt kort

36 vötn

6.900 kr



www.veidikortid.is

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Knattspyrnuskóli Leiknis byrjar vel

Knattspyrnuskóli Leiknis hófst um miðjan júní og er fyrsta námskeiði lokið. Um 50 krakkar létu sjá sig. Knattspyrnuskóli Leiknis og Domino's er fyrir stráka og stelpur á aldrinum 5 til 12 ára. Faríð verður í grunnþætti knattspyrnunnar í bland við leiki, skemmtun og fjör. Fastir liðir eins og fót-boltagolf, HM-keppni, maður námskeiðsins, sundferðir og skemmtiferðir verða á sínum stað.

Í lok hvers námskeiðs er Domino's pizzuveisla og verðlaunaafhending. Leikmenn íslenska landsliðsins og fót-boltastjórnur mæta og heilsa upp á krakka-anna. Hvert námskeið stendur í tvær vikur, alla virka morgna kl. 9.00–12.00. Boðið er upp á gæslu kl. 8.00

til 9.00 á morgnana án endurgjalds. Námskeiðin fara fram á íþróttasvæði Leiknis.

Námskeiðin í sumar eru sem hér segir:

Námskeið 2. 23. júní til 04. júlí.

Námskeið 3. 7. júlí til 18. júlí.

Námskeið 4. 21. júlí til 31. júlí.

Námskeið 5. 11. ágúst til 15. ágúst (vikunámskeið)

Skráning fer fram á fyrsta degi hvers námskeiðs á Leiknisvelli. Nánari upplýsingar gefur Doddi í síma 869 7794 eða doddi_tjalfari@hotmail.com Þátttökgjald er aðeins 7.500 kr. og ganga skal frá greiðslu við upphaf hvers námskeiðs. Veittur er 50% systk-inaafsláttur.

Leiknisstrákar Norðurlandameistarar

Á hverju ári er haldið Grunn-skólamót Norðurlandanna í fót-bolta. Allar höfuðborgir senda lið til leiks og er spilað innbyrðis. Mótið var haldið í Reykjavík í ár.

Alls voru 14 leikmenn valdir úr liðum í Reykjavík til að taka þátt og þar af áttum við Leiknismenn þrjú fulltrúa. Sævar Atli Magnússon, Daníel Finns Matthíasson og Beniamin Hoti voru allir í hópnum. Þeir leika með 4. flokki Leiknis auk þess eru þeir hluti af Afreksstarfi Leiknis og Krónunnar.

Hér fyrir neðan má sjá úrslitin hjá strákunum í mótinu:

Reykjavík – Stokkhólmur 3 – 2

Reykjavík – Kaupmannahöfn 5 – 1

Reykjavík – Helsinki 4 – 0

Reykjavík – Osló 1 – 1



Sævar Atli, Daníel og Beniamin.

Þess má geta að Ísak Richards leikmaður 4. flokks keppti einnig fyrir hönd Reykjavíkur í frjálsum

íþróttum. Flott hjá strákunum og óskum við Leiknismenn þeim til hamingju með þetta afrek.

Úrval af nýjum ÍR- og Leiknisvörum



Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði



Fjölbreytt sumarnámskeið ÍR fara vel af stað

Sumarnámskeið ÍR hófust með miklum glæsibrag þriðjudaginn 10. júní s.l. Alls voru mættir um 150 krakkar á fimm mismunandi námskeið sem hófust þennan dag á vegum ÍR í Breiðholti.

Íþrótta- og leikjanámskeiðið sem stendur allan daginn hefur aðsetur í ÍR-heimilinu, Fjörkálfa-

námskeiðið sem er fjölbreytt hálf dags íþróttanámskeið er einnig á ÍR-svæðinu, Knattspyrnu-skóli ÍR á gervigrasvelli ÍR, Frjáls-íþróttaskóli ÍR á frjálsíþróttasvæði ÍR og Handboltaskóli ÍR í íþróttahúsinu við Austurberg. Þann 16. júní bætist svo við sjötta námskeiðið sem er körfubolta-

námskeið ÍR. Allir yfirleiðbeinendur námskeiðanna eru íþróttafræðingar eða vel menntaðir og reynslumiklir þjálfarar sem hafa sér til aðstoðar hressa og duglega unglunga sem aðstoðarleiddur. Opíð er fyrir skráningu á námskeiðin sem eftir eru í sumar á www.ir.is

Fimleikastarf endurvakið í Breiðholti í haust

Frá og með haustinu er stefnt að því að endurvekja fimleikastarfsemi í Breiðholti undir merkjum ÍR en þá verða liðin 31 ár frá því að fimleikastarf var lagt af hjá félaginu eftir áður samfelld fimleikastarf frá árinu 1907.

Fimleikaæfingarnar munu fara fram í íþróttahúsinu við Austurberg og byrjað verður á starfi fyrir yngstu iðkendurnar 4-8 ára. Sigríður Fanndal íþróttafræðingur og fimleikabjálfi hefur verið ráðin sem yfirþjálfari en hún hefur verið skólalastjóri Íþróttaskóla ÍR fyrir

2-5 ára undanfarin ár við miklar vinsældir. Þeir sem hafa áhuga á að leggja fimleikastarfi ÍR lið með einhverjum hætti eru beðnir að hafa samband við íþróttastjóra ÍR Þráin Hafsteinsson eða aðra starfsmenn ÍR í síma 587-7080.

Heilmikið spunnið í ÍR-stelpurnar

Halldór Þ. Halldórsson tók við stjórn meistaraflokks kvenna hjá ÍR síðastliðið haust. Breiðholtskonurnar eru í B-liði 1. deildar og hófu þær tímabilið á því að leggja Sindra að velli, 3-0, á Hertz-vellinum og eltu því næst hinar hornfirsku stóllur sínar austur á Hornafjörð og unnu þær 0-1 í deildinni með marki frá úr vítaspurnu frá Söndru Dögg Bjarnadóttur.

Síðan hefur ekki gengið jafnvel hjá ÍR hvað úrslit varðar; tap á Hertz-vellinum gegn Áltanesi, 0-1, og

svo KR, 1-4, eftir að hafa tekið þar forystuna með marki Þórdísar Söru Þórðardóttur og haldið henni lengi vel, en Vesturbæjarliðið skoraði öll mörk sín á síðustu sextán mínútum leiksins. Þá tapaði ÍR fyrir Þrótti í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar og það í vítaspurnukeppni.

Þrátt fyrir þetta er heilmikið spunnið í ÍR-konurnar og þær eiga örugglega eftir að bíta hressilega frá sér þegar liður á mótið.



Uppskeruhátið yngri flokka ÍR í körfubolta var haldin laugardaginn 17 maí sl. í Seljaskóla. Veittar voru viðurkenningar fyrir árangur á nýliðnum vetri, haldin var stinger keppni og boðið upp á veitingar. Myndin að ofan var tekin við það tækifæri.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR í toppbaráttunni

Arnar Þór Valsson – kallaður Addó af öllum sem til þekkinga - þjálfar meistaraflokk karla hjá ÍR annað árið í röð. Liðið var ekki langt frá því að fara upp í 1. deild síðastliðið sumar, en þrátt fyrir að það tækist ekki, þá sáu menn glöggst hvað bjó í þessum unga og efnilega leikmannahópi sem Addó stýrir af miklum myndarskap og varð það sennilega til þess að þjálfarar í 2. deild spáðu liðinu efsta sætinu á þessu keppnistímabili. Það er hins vegar alltaf erfitt að fara með slíkan spádóm á bakinu inn í krefjandi tuttugu og tveggja leikja baráttu. Mótherjar þess mæta fyrir vikið tvöfalt grimmari í leikina gegn ÍR og þá er bara eins gott að leikmenn Breiðholtsliðsins séu klárir í slaginn. Það fæst ekkert gefins í þessari deild.

Þegar þetta er skrifað, á öðrum degi HM – þann 13. júní, er fimm umferðum lokið í 2. deildinni og ÍR-liðið er þar í öðru sæti með ellefu stig eftir þrjá sigurleiki og tvö jafntefli en Gróttu er efst með þrettán stig. Fyrsti leikur þess var á heimavelli gegn Fjarðabyggð og lauk honum með markalausum jafntefli. ÍR hefði þó vel getað krækt í öll stigin en liðið lék manni fleiri mestallan síðari hálfleikinn og brenndi þess utan af vítaspurnu.

Meira stuð á ÍR-ingum

Það var hins vegar meira stuð á ÍR-ingunum í næsta leik – gegn Völsungi og fór viðureignin líka fram á Hertz-vellinum. Heimamenn gengu þá berserksgang að hætti fornkappanna og skoruðu 8 mörk gegn 1. Þar af setti Viktor Smári Segatta 5 stykki (ef við höldum okkur við fornkappana þá hefur hann sennilega verið í hlutverki Egils Skallagrímssonar!!!), en Guðmundur Gunnar Sveinsson, Jón Gísli Ström, úr vítaspurnu, og Haraldur Árni Hróðmarsson skoruðu eitt mark hver. Þeir Vikt-



Víktor Smári Segatta skoraði fimm mörk gegn Völsungi.

or og Jón Gísli voru svo aftur á markaskónum í næsta leik, gegn Njarðvík, sem fór einnig fram á Hertz-vellinum líkt og tveir hinir fyrri. Þar skoruðu þeir sitt markið hvor og tryggðu liði sínu 2-1 sigur á Suðurnesjamönnum. Mark Jóns Gísla var úr vítaspurnu.

Jafntefli við Gróttu

Síðan héldu ÍR-ingarnir vestur á Seltjarnarnes og gerðu þar jafntefli við Gróttu, 2-2, eftir að hafa verið 2-0 undir í hálfleik. Jóhann Arnar Sigurþórsson setti bæði mörk gestanna og það mátti glöggst sjá á leiknum að þar ættust við tvö af bestu liðum deildarinnar – bæði eru þau vel mönnum og stefna augljóslega upp um deild í næstu umferð komu svo norðanmenn í KF í heimsókn í Mjóddina og fóru þeir tómhentir heim eins og til stóð af hálfu heimamanna, sem höfðu mikla yfirburði í leiknum, en létu þó bara eitt mark duga. Það skoraði Jón Gísli „og ekki úr víti“. Þá hefur ÍR líka gengið vel í bikarkeppninni og eftir útisigra á Mosfellsbæjarliðunum Hvíta riddaranum og Aftureldingu, sem og í millitíðinni á Leikni á vellinum í „efra“, er það komið í 16-liða úrslitin og á fyrir höndum einn útileikinn enn á þessum vettvangi – gegn BÍ/Bolungarvík.

Vormót ÍR

Vormót ÍR var haldið í 72. sinn við frábærar aðstæður 11. júní sl. á Laugardalsvelli og tóku allt að 140 keppendur tóku þátt í mótinu.

Aníta Hinriksdóttir ÍR var öruggur sigurvegari í 800 m hlaupi kvenna, en hún kom í mark á 2 mín. 3,63 sek. Hlynur Andrésson ÍR sigraði í 3000m minningarhlaupi um Jón Kaldal, einn fyrsta afreksmann okkar Íslendinga. Hann kom í mark á 8 mín 44,66 sek. Þá sigraði Kristín Birna Ólafsdóttir ÍR sannfærandi í 100 m grindarhlaupi á 14,09 sek., sem er hennar besti árangur síðan 2010 og 8. besti árangur frá upphafi í þessari

grein. Hrafnhild Eir Hermódsdóttir ÍR sigraði tvöfalt, bæði í 100 m hlaupi á 12,07 sek og 200 m hlaupi á 24,99 sek. Kolbeinn Höður sigraði í 200 m hlaupi á 21,64 sek., eftir hörkukeppni við Ívar Kristinn Jasonarson ÍR sem kom í mark á 21,96 sek. Ívar Kristinn hljóp síða 400m grindahlaup með miklum sóma, 54,21 sek og bætti sig verulega síðan í Hollandi á dögunum þegar hann hljóp á 55,35 sek. Þessi árangur Ívars er 11. besti frá upphafi í 400m grindahlaupi. Hilmar Örn Jónsson ÍR var við sinn besta árangur í sleggjukasti með 6 kg sleggju 75,19 m, en hann á best 75,27 frá því í síðasta mánuði.



GETRAUNANÚMÉR

ÍR ER 109

HM-VEISLA

Vertu klár fyrir sannkallaða HM-veislu!
Hver verður meistari?



kr. pk.
1098

HAMBORGARAR OG STÓR BRAUÐ
4 STK. 115 G



kr. kg.
1098

VÍNARPYLSUR
FRÁ ESJU



GRILLKJÖT
FRÁ
FJALLALAMBI



kr. pk.
998

COCA COLA
12x33 CL



kr. pk.
599

BBQ-/BUFFALÓVÆNGIR
800 G



kr. pk.
548

KJÚKLINGAVÆNGIR
MATFUGL, 800 G



kr. pk.
598

MINI PIZZUR
9 STK. Í PAKKA

398

NÓA SÜKKULAÐIPOPPI
750 G



OG ALLT HITT FYRIR HÁTÍÐARHÖLDIN



269

Sesar kartöflusalat
350 g



kr. stk.
298

Pipar-, bearnaise- og hvítlaukssósa
225 ml



kr. pk.
348

Stjörnusnakk
170 g



kr. pk.
398

Nizza bitar



kr. pk.
398

Chicago Town pizza
2x155 g



598

Franskar kartöflur
rífflaðar, 1,5 kg



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland